

**REGLUGERÐ****um ráðningu sjúkrahúslækna.**

242

10. ágúst

## 1. gr.

Héraðslæknar teljast, án sérstakrar viðurkenningar ráðherra, hæfir til að vera sjúkrahúslæknar eða yfirlæknar almennra sjúkrahúsa eða sjúkraskýla, hver innan síns héraðs, enda séu þau sjúkrahús eða sjúkraskýli aðeins við hæfi héraðanna og taki ekki yfir 20 sjúklinga.

## 2. gr.

Lausar sjúkrahúslæknisstöður (yfirlæknisstöður) við önnur sjúkrahús eða stærri en getur í 1. gr., skal jafnan auglýsa með minnst þriggja mánaða fyrirvara.

Þegar í hlut eiga sjúkrahús önnur en ríkissjúkrahús, skal leita staðfestingar ráðherra á auglýsingum um lausar sjúkrahúslæknisstöður, áður en birtar eru, og getur ráðherra í einstökum tilfellum með ráði landlæknis krafizt, að sett séu sérstök skilyrði um framhaldsnám og sérþekkingu umsækjenda, sem til greina geti komið. Umsóknir skal senda landlækni. Ráðherra úrskurðar að fengnum tillögum landlæknis, hverjir umsækjendanna séu hæfir í stöðuna. Landlæknir sendir síðan umsóknir stjórnendum hlutaðeigandi sjúkrahúss ásamt umsögn sinni um umsækjendur og tillögum um ráðningu í stöðuna.

Ákvæði þessarar greinar taka ekki til ráðningar yfirlækna við sjúkrahús, sem um ræðir í síðustu málsgrein 4. gr. laga nr. 30 19. júní 1933, en slík ráðning er þó engu síður háð úrskurði ráðherra um, að hlutaðeigandi sé hæfur í stöðuna.

## 3. gr.

Prófessorinn í lyflæknisfræði við háskólann skal jafnframt vera yfirlæknir lyflæknisdeildar Landspítalans og prófessorinn í handlæknisfræði yfirlæknir handlæknisdeildarinnar.

Aðrar yfirlæknisstöður við ríkisspítalana veitir ráðherra með ráði landlæknis að fengnum tillögum læknadeildar háskólans og stjórnarnefndar ríkisspítalanna.

Þegar ráða skal sérfræðing að Landspítalanum eða öðrum sjúkrahúsum ríkisins, skal að jafnaði leita fyrst til þess kennara, sem annast kennslu í hlutaðeigandi sérgrein við læknadeild Háskóla Íslands.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt 1. gr. laga nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús o. fl., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Heilbrigðismálaráðuneytið, 10. ágúst 1945.*

**Finnur Jónsson.**

**Ragnar Bjarkan.**